



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa skólaárið 2022 - 2023

Guðný Björg Guðlaugsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Náms- og starfsráðgjöf	2
Verksvið	2
Ráðgjöf.....	3
Viðtöl	3
Fjöldi viðtala	4
Efni og ástæða viðtala	5
Hópráðgjöf.....	6
Tilvísanir og samstarf.....	7
Nemendaverndarráð	7
Fundir og nefndarstörf	8
Kynningar.....	9
Nemendajónusta.....	10
Önnur verkefni	10
Lokaorð.....	12

Í þessari skýrslu verður gert grein fyrir starfi náms- og starfsráðgjafa Verkmenntaskóla Austurlands skólaárið 2022 til 2023. Skýrslan er styttri útgáfa af frumskýrslunni og er unnin fyrir heimasíðu skólans, þar sem búið er að fjarlægja allar persónurekjanlegar upplýsingar og ýmis persónuleg atriði.

Við lok skólaárs voru nemendur alls 290, þar af 119 nemendur í dagskóla, 144 nemendur í fjarnámi og 25 nemendur í dreifnámi, en náms- og starfsráðgjafi þjónustar alla nemendur skólans. Náms- og starfsráðgjafi var í 100% starfshlutfalli þetta skólaárið, sem er 25% hækkun á starfshlutfalli miðað við síðustu þrjú ár á undan.

Náms- og starfsráðgjöf

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda og vera málsvari þeirra innan skólans. Náms- og starfsráðgjafi er til staðar fyrir nemendur og er tilbúinn til að leiðbeina þeim í öllum þeim málum sem geta haft áhrif á námsframvindu þeirra.

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafa er að sinna nemendum á faglegan hátt í námstengdum málum og einkamálum. Náms- og starfsráðgjöf er ætlað að vera fyrirbyggjandi þjónusta við alla nemendur skólans og stuðla að því að nemendur geti skapað sér viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima við, og markað sér braut til framtíðar.

Verksvið

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru meðal annars að:

- Liðsinna nemendum sem eiga við náms- og eða persónuleg vandamál að stríða
- Veita aðstoð við námstækni, eins og skipulag, markmiðasetningu, lestrar- og glósutækni og tímastjórnun
- Skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan og námsárangri nemenda í skólanum

- Liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda
- Skipuleggja sérúrræði fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum úrræðum að halda í prófum og aðstoða nemendur sem eru að glíma við prófkvíða
- Hafa umsjón með kynningarefni á heimasíðu og samfélagsmiðlum skólans sem tengist náms- og starfsráðgjöf
- Leiðbeina nemendum og öðrum sem þess óska um námsval í VA og aðstoða við gerð námsferla
- Aðstoða nemendur við að kortleggja áhuga sinn og átta sig á eigin styrkleikum
- Taka þátt í starfi forvarnateymis
- Leiða störf nemendaverndarráðs
- Starfa í þágu nemenda og vera trúnaðar- og talsmaður þeirra

Ráðgjöf


Meðal þeirra þátta sem náms- og starfsráðgjafi sinnir í sínu starfi er persónuleg ráðgjöf. Persónuleg ráðgjöf felur í sér ýmiskonar ráðgjöf vegna persónulegra, félagslegra eða námslegra vandamála.

Viðtöl


Viðtöl eru það form ráðgjafa sem mest er notast við. Nemendur, forsjáraðilar, kennarar, starfsfólk og aðrir utanaðkomandi aðilar geta pantað viðtalstíma hjá náms- og starfsráðgjafa.

Fjöldi viðtala skólaárið 2022 til 2023 var 659, við 174 einstaklinga, en fjöldi viðtala á hvern einstakling var mismunandi. Til samanburðar voru viðtölin alls 461 skólaárið á undan. Upplýsingar um fjölda viðtala, skiptingu eftir kynjum og ástæður má sjá hér að neðan.

Fjöldi viðtala



Mynd 1. Fjöldi viðtala




Mynd 2. Hlutfall viðtala eftir kynjum

Fjöldi skráðra viðtala á skólaárinu var alls 659. Eins og sjá má á myndum 1 og 2 skiptist fjöldi viðtala nokkuð ójafnt eftir kynjum. Viðtöl við einstaklinga sem skilgreina sig karlkyns voru alls 403, eða 61,2% allra viðtala, viðtöl við kvenkyns einstaklinga voru alls 248 eða 37,6%. Þá voru 8 viðtöl við einstaklinga sem skilgreina sig kynsegin, eða 1,2%.


76 einstaklingar komu í eitt skipti í viðtal til náms- og starfsráðgjafa og 98 einstaklingar sem komu oftár en einu sinni.

Efni og ástæða viðtala

Þjónusta náms- og starfsráðgjafa er nýtt vegna ýmissa ástæðna, í lengri eða skemmri tíma. Ástæða og efni viðtala er flokkað niður, en oft á tíðum skarast flokkarnir og efni viðtala. Helstu flokka má sjá á mynd 3 og fjöldi viðtala í hverjum flokki.



Mynd 3. Ástæður viðtala



Mynd 4. Hlutfall viðtala

Af þeim 659 viðtölum sem náms- og starfsráðgjafi veitti skólaárið 2022 til 2023 voru flest viðtöl vegna stuðnings eða ráðgjafar, alls 261 eða 39,6% allra viðtala. Undir þeim flokki eru viðtöl sem ekki eiga sérstakan stað í hinum fjórum flokkunum en getur þó verið blanda af þeim, einhverskonar eftirfylgni eða fyrirspurnir um önnur málefni. Viðtöl vegna námsvals eða námsskipulags voru alls 227, sem gerir 34,4% allra viðtala. Þá voru 80 viðtöl flokkuð undir námstækni, en það eru 12,1%. Þar á eftir eru viðtöl vegna kvíða eða annarra andlegra mála, þau voru alls 73 eða 11,1%. Fæst voru viðtöl vegna áhugasviðs en þau voru alls 18 eða 2,7%. Eins og áður segir þá skarast flokkarnir gjarnan og oftast en ekki rætt um fleiri en eitt efni í hverju viðtali.

Hópráðgjöf

Við ráðgjöf í Verkmenntaskóla Austurlands er mest notast við viðtöl. Önnur form ráðgjafar eru til dæmis hópráðgjöf. Á vorönn var ákveðið að búa til stuðningshóp fyrir nemendur sem höfðu átt erfitt uppdráttar í námi á haustönninni, voru með slaka mætingu, slakan námsárangur eða bæði. Því voru ákveðnir nemendur valdir í þennan hóp, sem settur var í stundatöflu undir áfangaheitinu STUÐ1AB01, að fyrirmynd áfanga sem kenndur hefur verið við Menntaskólans við Hamrahlíð. Áfanginn var settur upp sem hópráðgjöf, þar sem farið var yfir markmiðasetningu, skipulag og aðra námstækni.

Markmiðið var að halda vel utan um þennan hóp nemenda með kennslu í námstækni, utanumhaldi á mætingu og þeim stuðningi við námið sem hver og einn þarf á að halda. Lagt var upp með að nemendur tækju virkan þátt í tímum og prófi nýjar aðferðir við nám og skipulag.

Tilvísanir og samstarf

Samstarf er á milli náms- og starfsráðgjafa og ýmissa aðila og stofnana. Þar má til dæmis nefna geðheilsuteymi Heilbrigðisstofnunar Austurlands, sjálfstætt starfandi sálfræðinga, félagsþjónustur, heilsugæslu, náms- og starfsráðgjafa í öðrum stofnunum, geðlækna og Vinnumálastofnun. Samstarfið á nýliðnu skólaári var þó nokkuð.

Samstarf við Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur meðal annars falið í sér fyrirspurnir, beiðni um ráðleggingar og tilvísanir nemenda til geðheilsuteymisins. Þá hefur einnig verið gott samstarf við sálfræðinga og lækna utan HSA og hefur náms- og starfsráðgjafi reglulega fyllt út samantektir um stöðu nemenda í skólanum fyrir lækna sem koma að málum einstakra nemenda, að beiðni þeirra og forsjáraðila.

Auk sálfræðinga hefur náms- og starfsráðgjafi átt í góðu samstarfi við félagsþjónustu Múlaþings og félagsþjónustu Fjarðabyggðar, en nánar verður gert grein fyrir því samstarfi hér að neðan. Á nýliðnu skólaári var einnig samstarf við Vinnumálastofnun, þá aðallega í tengslum við nemendur á starfsbraut skólans.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er unnið undir stjórn náms- og starfsráðgjafa. Markmið nemendaverndarráðs er að samræma stoðþjónustu skólans og aðra þjónustu sem nemendur hljóta, þar á meðal þjónustu félagsþjónustunnar í viðkomandi sveitafélagi.

Fundir nemendaverndarráðs á skólaárinu voru haldnir vikulega á vorönn, en þar að auki voru sex fundir þar sem starfsmaður félagsþjónustu kom, tveir að hausti og fjórir að vori. Utan

funda var samstarf einnig reglulegt, í tölvupóstsamskiptum eða í símtölum vegna upplýsinga og ráðgjafar.

Fundir og nefndarstörf

Náms- og starfsráðgjafi situr í tveimur ráðum/nefndum innan skólans, nemendaverndarráði eins og greint var frá hér á undan og forvarnateymi. Í forvarnateymi er unnið undir stjórn forvarnafulltrúa að ýmsum verkefnum tengt forvörnum, ásamt því að skipuleggja forvarnamálþing sem reynt er að halda árlega. Ætlunin þetta skólaárið var að halda málþing á vorönn tengt ofbeldi, en ákveðið var að fresta því fram á haust í samráði við skólameistara.

Meðal reglulegra funda sem náms- og starfsráðgjafi sat voru vörðufundir, sem haldnir eru eftir hverja vörðu, með hverjum umsjónarkennara fyrir sig. Þar hittast áfangastjóri, náms- og starfsráðgjafi og umsjónarkennari og fara yfir ástundun og líðan nemenda með það að markmiði að grípa inni áður en nemandi missir tökin á náminu. Á haustönn voru vörðufundir haldnir tvisvar sinnum en þrisvar á vorönn, en í hvert skipti voru samtals fimm fundir. Fjórir með umsjónarkennurum og einn að auki þar sem náms- og starfsráðgjafi og áfangastjóri ræddu stöðu nemenda sem eru 18 ára og eldri og því ekki með umsjónarkennara. Í framhaldi af þessum fundum eru svo gjarnan mörg viðtöl við nemendur, með eða án umsjónarkennara, og með eða án forsjáradila, sem náms- og starfsráðgjafi tekur.

Undir lok skólaárs hélt náms- og starfsráðgjafi utan um og boðaði til skilafunda í grunnskólum þeirra nemenda sem stefna á nám við VA næstkomandi skólaár. Fundirnir voru alls níu þetta árið, fimm í Fjarðabyggð, og fjórir utan Fjarðabyggðar. Sjö fundir voru haldnir í Teams en tveir í viðkomandi grunnskóla. Þessir fundir eru afar mikilvægir varðandi móttöku nýnema og til að geta boðið nemendum skólans viðeigandi stuðning og þjónustu. Vert er að taka fram að þegar skilafundir eru haldnir, skrifa nemendur og forsjáradilar undir samþykki vegna þeirra.

Kynningar

Náms- og starfsráðgjafi tók í upphafi haustannar þátt í nýnemadegi skólans, þar sem tekið er á móti nýnemum og fá þau kynningu á skólanum. Einnig var haldið kynningarkvöld fyrir forsjáraðila nýnema þar sem farið var yfir ýmis atriði og starf skólans kynnt. Náms- og starfsráðgjafi kynnti sig, sitt starf og hlutverk. Að auki kynnti náms- og starfsráðgjafi starf sitt á sérstöku kynningarkvöldi fyrir nemendur í dreifnámi.

Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í undirbúningsvinnu fyrir grunnskólakynningar auk gæðastjóra. Á haustönn var ákveðið að nýta verknámsvikur grunnskólanemenda, þar sem nemendur 10. bekkja í Fjarðabyggð fengu kynningu á skólanum og námsframboði, og kynna bóknámið einnig fyrir þeim.

Á vorönn voru grunnskólar í Fjarðabyggð heimsóttir, þar sem starf VA var kynnt og starfsmaður og nemendur VA spjölluðu við nemendur 10. bekkja. Náms- og starfsráðgjafi fór í þrjár slíkar heimsóknir, en alls voru þær fimm. Nemendum 10. bekkja í Múlapingi var boðið í heimsókn í skólann, þar sem þau fengu almenna kynningu á skólanum, starfinu og námsfraboðinu. Að auki fengu þau að velja verklegar greinar til að kynna sér betur. Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í undirbúningu og skipulagningu þessarar heimsóknar, ásamt móttöku og kynningu fyrir nemendur og kennara sem komu.

Í apríl mánuði var haldið opið hús fyrir 10. bekkinga og forsjáraðila. Forsjáraðilar nemenda í 10. bekk við grunnskólana í Fjarðabyggð og í Múlapingi fengu boð á viðburðinn í tölvupósti en einnig var viðburðurinn auglýstur á heimasíðu skólans og á samfélagsmiðlum. Opna húsið var vel sótt, en nemendur og forsjáraðilar gátu þar skoðað allt húsnæði skólans, spjallað við starfsfólk, kennara og nemendur skólans, fengið upplýsingar um námsframboð, inntökuskilyrði og allt það sem VA hefur upp á að bjóða.

Náms- og starfsráðgjafi auglýsti einnig Háskóladaginn sem haldinn var á Akureyri þann 10. mars, og Háskóladaginn í Reykjavík þann 17. mars, og hvatti nemendur til að kynna sér námsframboð háskólanna á Íslandi. Nokkrir nemendur skólans sóttu þessa viðburði. Meðal fleiri kynninga sem náms- og starfsráðgjafi auglýsti og hélt utanum, var heimsókn Geðlestarinnar til okkar á haustönn og heimsókn geðfræðslufélagsins Hugrúnar á vorönn.

Nemendapjónusta

Nemendapjónusta VA hefur verið notað sem yfirheiti yfir þá stoðþjónustu sem áfangastjóri og náms- og starfsráðgjafi bjóða uppá. Nemendapjónustan heldur utan um vörðufundi og fylgir nemendum eftir í kjölfar þeirra, ásamt því að halda úti síðu á Facebook og aðgangi á Instagram. Þangað inn fara ýmsar upplýsingar, góð ráð og fleira til nemenda.

Í kjölfar vörðufunda er verk nemendapjónustu til dæmis að senda bréf í tölvupósti til nemenda. Áhersla er lögð á að bréfin séu uppbyggileg þar sem nemendur með góða ástundun fá hrós og nemendur sem þurfa að bæta sig á einhvern hátt, fá uppbyggileg hvatningarbréf.

Starf nemendapjónustu er einnig að aðstoða nemendur við námsval og töflubreytingar. Nemendapjónustan auglýsir valdaga að hausti og vori og býður fram aðstoð við nemendur til að velja áfanga fyrir næstu önn. Nemendur nýta aðstoð við námsval talsvert, hvort sem það eru dagskólanemendur, nemendur í dreif- eða fjarnámi, eða utanaðkomandi aðilar.

Það kemur í hlut náms- og starfsráðgjafa að halda utan um greiningargögn nemenda og auglýsir nemendapjónustan og heldur utan um þau sérúrræði sem standa nemendum til boða í hlutaprófum og lokaprófum. Talsvert var um sérúrræði í hlutaprófum og óskir um sérúrræði í lokaprófum á skólaárinu. Óskir um sérúrræði fóru fram í gegnum viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa.

Á samfélagsmiðlum nemendapjónustunnar eru settar inn allskonar auglýsingar, góð ráð og fleira. Meðal þess sem auglýst var á samfélagsmiðlum þetta skólaárið voru umsóknir um sérúrræði, vinnustofutímar, valdagar, opin hús, háskólakynningar og fleira. Þá voru einnig sett inn góð ráð vegna próftöku og ábendingar um þjónustu eða námstækni sem nemendur geta nýtt sér.

Önnur verkefni

Hér verða talin upp önnur verkefni sem náms- og starfsráðgjafi sinnti á skólaárinu.

Meðal annarra verkefna sem náms- og starfsráðgjafi sinnti var umsjón með þremur kennslustundum í Lífstíl hjá fyrsta árs nemendum. Tvær kennslustundir fóru fram á haustönn. Í fyrri kennslustundinni var farið yfir námstækni og skipulag, í þeirri seinni var fyrirlestur um próftöku og undirbúning fyrir próf, ásamt kynningu á sérúrræðum fyrir lokapróf. Ein kennslustund fór svo fram á vorönn þar sem farið var yfir hugarfar, markmið og markmiðasetningu.

Náms- og starfsráðgjafi kenndi þrjá áfanga á skólaárinu. Þar á meðal var áfanginn STUÐ1AB01 sem fjallað var um hér á undan, en einnig áfangi í Lífstíl. Áfanginn LÍFS3SÚ01 er áfangi sem hentar vel nemendum sem eru komnir langt á leið með nám sitt. Í áfanganum var meðal annars farið yfir áhugasvið þar sem nemendur tóku áhugasviðskönnunina Bendil og fengu ráðgjöf í framhaldi af því, einnig var farið yfir gerð ferilskráa og kynningarbréfa, náms- og starfsval auk þess sem utanaðkomandi aðilar komu og kynntu nám og störf. Þá sá náms- og starfsráðgjafi um kennslu í starfsnáms áfanga á starfsbraut, þar sem farið var yfir ýmsar tegundir starfa, áhuga, námsleiðir, kynbundið starfsval, ferilskrár og margt fleira.

Ráðgjöf vegna raunfærismats var þó nokkur, í viðtölum við nemendur og utanaðkomandi einstaklinga, hvort sem þau höfðu hug á raunfærismati eða höfðu farið í slíkt. Náms- og starfsráðgjafi tók einnig þátt í skipulagi og utanumhaldi Kærleiksdaga sem haldnir voru á vorönn. Ásamt því að taka þátt í endurskoðun námsbrauta með stjórnendum skólans.

Að lokum má nefna að fjöldi tölvupósta berst náms- og starfsráðgjafa frá utanaðkomandi aðilum vegna upplýsinga um námsleiðir, skráningu í nám, gerð námsferla og svo framvegis.

Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um störf náms- og starfsráðgjafa Verkmenntaskóla Austurlands skólaárið 2022 til 2023. Eins og fram hefur komið var starfið fjölbreytt og verkefnið einnig. Margt sem gekk vel og margt sem má bæta.

Fjöldi viðtala á skólaárinu voru alls 659, miðað við 461 skólaárið áður, það er um 30% fjölgun á viðtölum. Þá voru störf og verkefni náms- og starfsráðgjafa einnig mun fleiri þetta skólaárið en áður. Rekja má fjölgun viðtala og verkefna til þeirrar hækkunar sem varð á hlutfalli náms- og starfsráðgjafa á milli skólaára, en hlutfallið var 100% þetta skólaárið miðað við 75% áður. Hækkun á starfshlutfalli hefur skilað sér í aukinni þjónustu við nemendur, hvort sem það eru viðtöl, hópráðgjöf, fræðsla eða önnur verkefni.

Náms- og starfsráðgjafi tók meiri þátt í kynningum skólans en áður, þar á meðal verknámskynningu grunnskólanema í Fjarðabyggð. Þar sem komið var á kynningu og fræðslu um skólann og hugmyndir eru að halda því áfram, með því að kynna námsframboð í bóknámi einnig fyrir grunnskólanemendum í verknámsvalinu. Þá mætti stækka verkefnið með því að eiga meira samstarf við náms- og starfsráðgjafa skólanna og koma áhugasviðskönnuninni Bendli inn í verkefnið, með því að leyfa nemendum að taka þá könnun og fá ráðgjöf frá náms- og starfsráðgjafa í kjölfarið. Fleiri hugmyndir að breytingum á skólakynningum hafa komið fram, þar á meðal að bjóða nemendum úr Múlaþingi í skólaheimsókn í VA að hausti til, og að vori myndu þau svo fá kynningarheimsókn líkt og nemendur Fjarðabyggðar. Með því væri verið að kynna skólann fyrr en áður, þar sem nemendur hafa lengri tíma til að hugsa og meta kosti skólans áður en ákvörðun um framhaldsskólanám er tekin.


Fleiri hugmyndir hafa komið upp. Náms- og starfsráðgjafi telur að það gæti verið heppilegra að sameina samfélagsmiðla Nemendapjónustu VA og VA. Þá yrði efni nemendapjónustunnar aðgengilegra og sýnilegra að nemendapjónustan er hluti af skólanum sjálfum og þjónustu hans, en ekki sér þjónusta sem nemendur sækja sér. Inná samfélagsmiðlum skólans væri hægt að safna gagnabanka um ýmis ráð vegna námstækni og fleira. Þá mætti hafa það í huga fyrir næsta skólaár að endurskoða upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf á heimasíðu skólans, og bæta inn gagnabanka þar með ýmsum upplýsingum, hvort sem það væri um námstækni, námsleiðir, ráðgjöf eða hvað annað. Þá vill náms- og starfsráðgjafi að auki setja saman áfanga á kennsluvef þar sem hægt er að nálgast gagnlegar

upplýsingar fyrir nýnema, upplýsingar um skólann, þjónustu og fleira. Ásamt því að þar væru ráð, gögn og rafræn námskeið frá náms- og starfsráðgjafa, sem allir nemendur skólans hefðu aðgang að.

Gerð var breyting skólaárið 2021 til 2022 á bókunarkerfi náms- og starfsráðgjafa, þar sem nemendur gátu þá bóka viðtöl í Innu. Það hefur tekist vel til, en telur náms- og starfsráðgjafi ýmsa vankanta þar á og vill breyta bókunarkerfinu fyrir skólaárið 2023 til 2024 og hafa það í outlook.

Ýmislegt heppnaðist sérlega vel á skólaárinu. Þar á meðal má nefna skólakynningar, stuðningshópin, samstarf við starfsbraut og tenging við nemendur þar. Þá var breyting á nemendaverndarráðinu góð, þar sem tveir kennarar voru fengnir í ráðið með náms- og starfsráðgjafa og vikulegir fundir haldnir þar. Kennsla í lífsstílsáfanganum LÍFS3SÚ01 sýndi að þörfin fyrir náms- og starfsfræðslu er til staðar og mikilvægt fyrir bæði útskriftarnemendur og náms- og starfsráðgjafa að ná tengingu í þessum áfanga.

Eftir skólaárið er það mat náms- og starfsráðgjafa að hækkun starfshlutfalls úr 75% starfi í 100% starf hafi skilað sér í aukinni þjónustu ásamt fleiri og fjölbreyttari verkefnum sem hefur jákvæð áhrif á náms- og starfsráðgjafa, nemendur og skólastarfið í heild. Því telur náms- og starfsráðgjafi að mikilvægt sé að halda í 100% starfshlutfall til að hafa aukið rými fyrir bættu þjónustu og sýnileika náms- og starfsráðgjafar skólans.



Guðný Björg Guðlaugsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi